

ÁKVÖRÐUN nr. 173**frá 9. desember 1998****um sameiginlegar reglur aðildarríkjanna varðandi endurgreiðslur milli stofnana eftir upptöku evrunnar**

(2000/C 27/07)

FRAMKVÆMDARÁÐ EVRÓPUBANDALAGANNA UM FÉLAGSLEGT ÖRYGGI FARANDLAUNÞEGA HEFUR,

með hliðsjón af a-lið 81. gr. reglugerðar ráðsins (EBE) nr. 1408/71 frá 14. júní 1971 um beitingu almannatryggingareglna gagnvart launþegum, sjálfstætt starfandi einstaklingum og aðstandendum þeirra sem flytjast á milli aðildarríkja, en samkvæmt honum skal framkvæmdaráðið fjalla um allt er lýtur að framkvæmdaratriðum eða túlkun reglugerðar (EBE) nr. 1408/71 og annarra reglugerða sem fylgja í kjölfarið,

með hliðsjón af reglugerð ráðsins (EB) nr. 1103/97 frá 17. júní 1997 um tiltekin ákvæði sem tengjast upptöku evrunnar,

með hliðsjón af reglugerð ráðsins (EB) nr. 974/98 frá 3. maí 1998 um upptöku evrunnar,

með hliðsjón af 36. gr., 63. gr. (1. mgr.) og 87. gr. (1. mgr.) í áður nefndri reglugerð (EBE) nr. 1408/71,

með hliðsjón af 93., 94. og 95. gr. og 102. gr. (a-lið 1. mgr.) reglugerðar (EBE) nr. 574/72,

með hliðsjón af ákvörðun framkvæmdaráðsins nr. 153 frá 7. október 1993 um fyrirmyndir að eyðublöðum sem eru nauðsynlegar vegna beitingar reglugerðar ráðsins (EBE) nr. 1408/71 og (EBE) nr. 574/72, nánar tiltekið eyðublað E 125,

með hliðsjón af ákvörðun framkvæmdaráðsins nr. 168 frá 11. júní 1998 um breytingar á eyðublaði E 127,

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

Nauðsynlegt er, af stjórnsýslulegum ástæðum, að koma á sameiginlegum reglum aðildarríkjanna um endurgreiðslur milli stofnana vegna upptöku evrunnar.

Viðurkenna ber að á aðlögunartímanum (1. janúar 1999 til 31. desember 2001) hvíli engin skuldbinding á aðildarríkjunum um að nota evruna sem reiknieiningu. Á sama hátt er óheimilt að leggja á kvaðir varðandi endurgreiðslu kostnaðar

aðar vegna aðstoðar á aðlögunartímanum. Engu að síður er nauðsynlegt að setja ákvæði fyrir þau tilvik sem kunna að vara lengur en til 31. desember 2001 til að komast hjá deilum milli aðildarríkjanna.

ÁKVÆÐIÐ EFTIRFARANDI:

A. Tímabilið frá 1. janúar 1999 til 31. desember 2001:

1. Kröfur sem settar eru fram á eyðublöðum E 125 og E 127 má gefa upp í innlendum gjaldmiðlum.
2. Aðildarríki, sem hyggjast setja fram kröfur í evrum í stað innlands gjaldmiðils, skulu án tafar tilkynna hinum aðildarríkjunum um það í gegnum framkvæmdaráðið.
3. Um leið og umreikningsgengi innlands gjaldmiðils þeirra aðildarríkja sem hafa samþykkt evruna er vitað skal gefa eingreiðslurnar, sem um getur í 94. og 95. gr. reglugerðar (EBE) nr. 574/72, upp í evrum samhliða innlenda gjaldmiðlinum og birta í *Stjórnartíðindum Evrópubandalaganna*.

B. Tímabilið sem hefst 1. janúar 2002:

1. Frá og með 1. janúar 2002 skulu aðildarríki, sem samþykkt hafa evruna, gefa upp fjárhæðir á eyðublöðunum E 125 og E 127 í evrum eingöngu. Auk þess skal hver hluti eyðublaðanna gefinn upp sérstaklega í evrum.
2. Kröfur, sem þegar hafa verið lagðar fram í innlendum gjaldmiðli á eyðublöðum E 125 fyrir 1. janúar 2002, en sem ekki hafa verið endurgreiddar fyrir þann tíma, skulu umreiknaðar í evrum þannig að umreiknuð er heildarfjárhæð hvers eyðublaðs E 125. Til að forðast deilur vegna aðskildra hluta eyðublaðanna E 125 skal einnig umreikna þá í evrum. Stofnunin, samskiptastofnunin eða lögbæra yfirvaldið, sem hefur kröfuna til meðferðar, skal annast umreikninginn.
3. Kröfur, sem þegar hafa verið lagðar fram í innlendum gjaldmiðli á eyðublöðum E 127 fyrir 1. janúar 2002 en hafa ekki hafa verið endurgreiddar fyrir þann tíma, skulu umreiknaðar í evrum út frá mánaðarlegum meðalkostnaði sem umreiknaður hefur verið í evrum af framkvæmdaráðinu og birtur í *Stjórnartíðindum Evrópubandalaganna*. Stofnunin, samskiptastofnunin eða lögbæra yfirvaldið, sem hefur kröfuna til meðferðar, skal annast umreikninginn.

C. Ákvæði um upptöku evrunnar:

1. Stjórnarskrifstofa framkvæmdaráðsins skal ákvarða, eigi síðar en 30. september 2001 og á grundvelli yfirlitsins yfir kröfur, sem um getur í 1. mgr. 101. gr. reglugerðar (EBE) nr. 574/72, þau reikningsár sem kröfur samkvæmt 94. og 95. gr. reglugerðar (EBE) nr. 574/72 hafa ekki verið gerðar upp fyrir.
2. Að því marki sem unnt er skulu eftirstöðvar krafna, sem aðildarríki gefur upp í innlendum gjaldmiðli fyrir upptöku evrunnar, að frádregnum fjárhæðum sem deilur standa um og tilkynnt er um fyrir greiðslu, greiddar fyrir 31. desember 2001, nema kveðið sé á um annað í tvíhliða samningum.

3. Til að forðast langan aðlögunartíma skulu aðildarríkin virða þann frest sem gefinn er í 100. gr. reglugerðar (EBE) nr. 574/72, nema kveðið sé á um annað í tvíhliða samningum. Þess er og farið á leit við aðildarríkin að þau leggi allt kapp á að gera þær ráðstafanir, sem settar eru fram í tilmælum framkvæmdaráðsins nr. 20, til að flýta fyrir greiðslu krafna.

Ákvörðun þessi gildir frá fyrsta degi þess mánaðar er hún birtist í *Stjórnartíðindum Evrópubandalaganna*.

Formaður framkvæmdaráðsins,

Helmut SIEDL